



Alþingi  
Erindi nr. **P 136/1493**  
komudagur **30.3.2009**

27. mars 2009  
SI-50700

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 24. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, 401. mál á þingskjali 682.

Seðlabankinn hefur áður lagst gegn afnámi verðtryggingar með ýmsum rökum, til dæmis með vísan til samningsfrelsis og vilja fólks til að draga úr óvissu um raunútkomu samninga. Verða þau rök ekki rakin frekar hér. Þó er vert að taka fram að kaupmáttarlækkun síðustu missera og það misgengi verðs og launa sem henni fylgir, leiða í ljós að verðtryggingu eins og hún hefur verið útfærð hér á landi geta fylgt alvarleg vandamál.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verðbætur verðtryggðra skuldbindinga umfram 5% á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2009 komi ekki til innheimtu, heldur verði settar á biðreikning, sem ekki er lýst nánar. Það virðist hins vegar hafa lítinn tilgang, þar sem horfur eru á að verðbólga innan ársins verði um eða innan við viðmiðunartöluna. Þannig sýnir janúarspá Seðlabankans 5,5% verðbólgu frá 4. ársfjórðungi 2008-9 og 2,7% frá 1. fjórðungi 2009 til jafnlengdar 2010, og verðbólguhorfur hafa, ef nokkuð er, batnað síðan. Því virðast litlar horfur á að ákvæði frumvarpsins hjálpi þeim sem ætlað er. Við þetta bætist að þegar hafa verið lögfestar víðtækar ráðstafanir til að jafna greiðslubyrði verðtryggðra veðlána einstaklinga með lögum nr. 133/2008 í nóvember 2008 með vísitöluviðmiðun (launum að frádregnu fráviki í atvinnustigi) sem trúlega veitir rýmri frestunarheimildir en frumvarpið sem hér liggur fyrir.

Með vísan framangreinds telur Seðlabankinn því ekki ástæðu til að styðja frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS